

Hraðfrystihúsið Gunnvör hf.
Kristján G. Jóakimsson
Hnífsdalsbryggju
410 Hnífsdalur

Reykjavík, 30. maí 2014
Tilvísun: 201401059 / 5.2

Eldi Hraðfrystihússins Gunnvarar á regnbogasilungi og þorski í Ísafjarðardjúpi - ákvörðun um matsáætlun

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Hraðfrystihússins Gunnvarar hf. að matsáætlun um eldi á 6.800 tonnum af regnbogasilungi og 200 tonnum af þorski.

Hraðfrystihúsið Gunnvör hf. sendi Skipulagsstofnun erindi dags. 2. apríl 2014 ásamt tillögu að matsáætlun:

Hraðfrystihúsið Gunnvör hf. Tillaga að matsáætlun fyrir 6.800 tonna framleiðslu á regnbogasilungi og 200 tonna framleiðslu á þorski í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi á vegum Hraðfrystihússins - Gunnvarar hf., 10. mars 2014

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Ísafjarðarbæ, Strandabyggð, Súðavíkurhreppi, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun, Matvælastofnun, Minjastofnun Íslands, Samgöngustofu, Umhverfisstofnun og Veiðimálastofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Súðavíkurhreppi með tölvupósti dags. 4. maí 2014, Fiskistofu með bréfi dags. 6. maí 2014, Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 28. apríl 2014, Matvælastofnun með bréfi dags. 15. apríl 2014, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 25. apríl 2014, Samgöngustofu með bréfi dags. 28. apríl 2014, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 22. apríl 2014 og Veiðimálastofnun með bréfi dags. 14. apríl 2014. Umsagnir bárust ekki frá Ísafjarðarbæ og Strandabyggð.

Athugasemdir bárust frá Aðalsteini L. Valdimarssyni, fyrir hönd landeigenda að Laugardalsá, með bréfi dags. 20. mars 2014 og Veiðifélagi Langadalsárdeildar með bréfi dags. 25. febrúar 2014.

Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 22. apríl 2014 og 12. maí 2014.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Hraðfrystihúsið Gunnvör hf. (HG) að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem framkvæmdaraðili setti fram í bréfum dags. 22. apríl 2014 og 12. maí 2014 og með eftirfarandi athugasemdum:

Laxalús og fisksjúkdómar

Í kafla 3.5.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um laxalús og fisksjúkdóma. Fiskistofa telur að í tillögu að matsáætlun sé ekki gert ráð fyrir að metin verði hætta af því að laxalús berist frá eldinu og áhrif þess á villtan fisk, né hvernig áformað sé að draga úr hættu á að sjúkdómar valdi áföllum eða berist út í umhverfið. Í svari HG kemur fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir þeim gögnum sem fjallað hafi verið um á fyrri stigum málsins og verið hafi til umfjöllunar hjá Skipulagsstofnun og farið verði yfir fyrirbyggjandi aðgerðir, vöktun og eftirlit með laxalús.

Skipulagsstofnun bendir á þá staðreynd að lúsasmit hefur fundist í eldi Fjarðalax í Fossfirði í Arnarfirði, sem var yfir viðmiðunarmörkum sem norsk stjórnvöld setja sjókvíaeldi þar í landi. Í ákvörðun stofnunarinnar um matsskyldu allt að 7.000 tonna framleiðslu HG á eldisfiski í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi, dags. 27. desember 2013, segir:

Skipulagsstofnun telur nýjar upplýsingar um laxalús í sjókvíaeldi í Fossfirði gefa til kynna að laxalús virðist geta náð sér á strik við þær aðstæður sem ríkja í sjó á Vestfjörðum. Því er að mati Skipulagsstofnunar ekki raunhæft að útiloka útbreiðslu laxalúsar og annarrar óværu í kjölfar aukins umfangs eldis í Ísafjarðardjúpi og hugsanleg áhrif þess á náttúrulega stofna. Laxalús og aðrir sjúkdómsvaldar sem hugsanlega koma upp og/eða verða viðvarandi í eldiskvíum á farleiðum villtra fiska, að og frá nærliggjandi ám, kunna að hafa neikvæð áhrif á stofna þeirra. Í nágrenni fyrirhugaðra eldiskvína HG eru ár sem eru búsvæði villtra stofna laxfiska og liggja kvíarnar á mögulegum farleiðum seiða á leið þeirra frá ám til sjávar og þar sem seiðin þola illa ágang sníkjudýra kunna áhrif á stofna þessara fiska að verða umtalsverð.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um hættu á laxalús og smitsjúkdómum umfram það sem gert var á fyrri stigum málsins og í þeim tilgangi að draga eins og kostur er úr þeirri óvissu sem bent var á í ákvörðun Skipulagsstofnunar. Stofnunin telur nauðsynlegt að gerð verði spá um mögulega dreifingu smits frá eldissvæðum HG í Ísafjarðardjúpi sem hægt verði að nota til að bregðast markvisst við ef sjúkdómar eða lúsaplága komi upp í laxeldi í firðinum. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir líklegri dreifingu smitsjúkdóma frá eldissvæðum HG og taka tillit til mögulegra sammögnunaráhrifa með öðru fiskeldi, í Ísafjarðardjúpi, bæði þeirra sem hafa leyfi til að starfrækja eldi í sjókvíum og þekktra áforma um eldi, varðandi sjúkdómahættu og burðargetu.

Áhrif á villta laxastofna

Í athugasemdum Veidifélags Langadalsárdeildar er lýst áhyggjum af því að regnbogasilungur, sem sleppi úr eldi, muni leita í ár og éta seiði og taka æti frá villtum laxfiskum í ám. Í svari HG kemur fram að í frummatsskýrslu verði farið yfir fyrirbyggjandi aðgerðir til að draga úr líkum á að regnbogasilungur sleppi úr kvíum og viðbrögðum við því ef fiskur sleppi. Þá segir í kafla 3.5.2 í tillögu að matsáætlun að tekin verði saman gögn um hugsanleg áhrif regnbogasilungs á náttúrulega laxastofna.

Í frummatsskýrslu þarf að setja samantekt á upplýsingum, sem HG boðar, í samhengi við aðstæður í Ísafjarðardjúpi og fjalla um möguleg áhrif regnbogasilungs á seiðabúskap og ætisskilyrði náttúrulegra fiskistofna í nærliggjandi ám.

Kvíar og netpokar

Í kafla 2.3 er fjallað um sjókvíar og annan búnað. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig staðið verði að hreinsun á kvíum og netpokum að lokinni hverri eldislotu og hvaða varnarefni verða notuð, ef ætlunin er að nota slíkt.

Sigmar Arnar Steingrímsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Ísafjarðarbær, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Fiskistofa, Hafrannsóknastofnun, Matvælastofnun, Minjastofnun Íslands, Samgöngustofa, Umhverfisstofnun, Veiðimálastofnun, Aðalsteinn L. Valdimarsson, Veiðifélag Langadalsárdeildar



Skipulagsstofnun